

Ályktanir - drög

57. Frjálsíþróttapings 2010

Eftirfarandi er samantekt af þeim ályktunum sem samþykktar voru á Frjálsíþróttapingi sem haldið var 26. og 27. febrúar 2010. Greinargerðum sem fylgdu ályktunum er sleppt.

Þskj. 11 - Ályktun um nýtt fræðslukerfi (CECS) fyrir frjálsíþróttþjálfara og íþróttakennara

Frjálsíþróttaping haldið 26. og 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að taka upp nýtt kerfi Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (IAAF) fyrir þjálfara upp hér á landi, sem fræðslukerfi frjálsíþróttþjálfara á Íslandi. Um er að ræða fimm þrepa kerfi sem IAAF er að innleiða um þessar mundir og nefnt er „Coaches Education Certification System“ eða CECS.

Ennfremur er samþykkt að fela stjórn FRÍ að halda áfram vinnu, í samvinnu við starfssaðila FRÍ, um framkvæmd kynningar, útbreiðslu og með námskeiðum. Þessi vinna verði unnin í samvinnu við hlutaðeigandi nefndir FRÍ.

Þá eru sambandsaðilar innan FRÍ hvattir til að stuðla að framgangi hins nýja fræðslukerfis með því að senda þjálfara á fræðslunámskeið sem í boði verða.

Þskj. 12 - Ályktun nýja reglugerð um afreksmerki í íþróttum

Frjálsíþróttaping, haldið 26. og 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að fela stjórn sambandsins að vinna að nýjum reglum um afreksmerki hreyfingarinnar. Þessi merki verði sambærileg á við Garpmerkin sem felld voru úr gildi á Frjálsíþróttapingi árið 2006.

Heimilt verði að veita viðurkenningar fyrir afrek og árangur sem hefur náðst hafa fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Þingið samþykkir einnig að þessi reglugerð skuli kynnt sambandsaðilum á mótapingi haustið 2010 og taki gildi 1. janúar 2011. Ný reglugerð skal lögð fyrir næsta Frjálsíþróttaping til staðfestingar.

Þskj. 13- Samþykkt um heimild til stjórnar að stofna minningarsjóð um Valbjörn J. Þorláksson

Frjálsíþróttaping, haldið 26. og 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að stjórn FRÍ verði heimilt að stofna styrktarsjóð í minningu Valbjörns Þorlákssonar í samvinnu við afkomendur hans. Stofnfé og framlög úr sjóðnum verði óháð annrri starfsemi sambandsins. Jafnframt verði stjórn FRÍ falið að skipa fulltrúa í stjórn sjóðsins og verði í samvinnu við afkomendur hans um önnur atriði er lúta og stofnun og rekstri sjóðsins.

Samþykkt er að gengið verði frá sérstakri reglugerð í samvinnu við afkomendur Valbjarnar, um sjóðinn, hvernig sjóðurinn skuli varðveittur, hvernig viðbótarframlaga verður aflað og með hvaða hætti og til hvaða verkefna verði greitt úr honum o.s.frv. Þessar reglur verði kynntar sambandsaðilum þegar þær liggja fyrir.

Þskj. 14 - Ályktun um endurskoðun á skipan í aldursflokka barna og unglunga

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. og 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði samþykkir að fela stjórn að skipa nefnd sem geri tillögur um breytta skipan aldursflokka unglunga hjá FRÍ. Nýjar reglur taki mið af alþjóðlegum reglum og mótafyrirkomulagi. Þær taki að auki tillit til keppnisvegalenda í einstökum aldursflokkum, þyngd keppnisáhalda, hæð og bil á milli grinda o.fl. Þá skal nefndin gera tillögur um hvernig skuli farið með gildandi árangur og skráningu meta.

Tillögur að nýjum reglum skulu sendar sambandsaðilum á haustmánuðum 2010 og lagðar fram til formlegrar kynningar á Mótæpingi 2010. Nýjar reglur skulu taka gildi 1. janúar 2011.

Einnig samþykkt að skipa þá: Gísla Sigurðsson, Þráinn Hafsteinsson og Helga Haraldsson í nefndina og að Mótæping 2010 fái vald til að samþykkja tillögur nefndarinnar.

Þskj. 16 - Ályktun um aukna þátttöku FRÍ í samstarfi Norðurlandanna

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að FRÍ taki fullan þátt í mótasamstarfi annarra Norðurlanda. Jafnframt að Norðurlandameistaramót verði haldin hér á landi til jafns við hin Norðurlöndin.

Þskj. 18 - Ályktun um að kanna reglur um sameiginlega keppni karla og kvenna

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, felur stjórn sambandsins að kanna möguleika á að heimila samhliða keppni karla og kvenna.

Samþykkt að tillagan verði skoðuð með hliðsjón af 147. gr. keppnisreglna IAAF.

Þskj. 19 - Ályktun um starfsemi íþróttamannanefndar

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að beina því til stjórnar FRÍ að hún gangist fyrir því að Íþróttamannanefnd FRÍ verði virkjuð á ný og að kosið verði í nefndina svo fljótt sem auðið er.

Þskj. 21 - Ályktun um Víðavangshlaup Íslands

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að fela Almennings-, götu- og víðavangshlaupanefnd að koma með tillögur sem miða að því að auka þátttöku í Víðavangshlaupi Íslands, sem og öðrum viðburðum sem tengjast lengri hlaupum, víðavangs- og utanvegahlaupum um allt land. Einnig að hvetja þjálfara til að senda íþróttamenn sína á slíka viðburði til jafns við hefðbundin frjálsíþróttamót.

Nefndin skili álitinu sínu til stjórnar, sem kynni niðurstöðurnar eigi síðar en á mótæpingi haustið 2010. Miðað er við að áætlanir nefndarinnar komi til framkvæmda árið 2011.

Þskj. 22 - Ályktun um starfsemi þjálfarafélags

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að beina því til stjórnar FRÍ að hún gangist fyrir fundi með starfandi frjálsíþróttatþjálfurum í landinu með það að markmiði að endurvekja og tryggja starfsemi félags frjálsíþróttatþjálfara.

Einnig var samþykkt að beina því til stjórnar að stofnuð verði þjálfaranefnd innan FRÍ sem hefði tillögurétt um það hverjir yrðu valdir í landsliðsferðir o.fl. þjálfaratengd mál.

Þskj. 24 - Samþykkt um menntun og flokkun frjálsíþróttadómara

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að fela stjórn FRÍ að skipa nefnd sem vinnur tillögur um nýtt fræðslu- og flokkunarkerfi fyrir frjálsíþróttadómara á Íslandi. Nefndinni ber að skila af sér fyrir næsta mótatæping sem haldið yrði haustið 2010.

Einnig samþykkt að fela sérstakri nefnd að fjalla um málið. Einnig lagt til að hluti af fræðslu- og flokkunarkerfi verði stutt/létt námskeið og fleiri geti kennt námskeið (að fjölgað verði) leiðbeinendum á léttara dómaraastigi. Þetta verði kjarnaverkefni sérstakrar nefndar.

Þskj. 27 - Ályktun um fjölda fulltrúa félaganna á frjálsíþróttatæpingum.

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að fela stjórn FRÍ að fjalla um og koma með tillögu að nýjum lögum um fjölda fulltrúa félaganna á frjálsíþróttatæpingum.

Stjórninn ber að skila af sér tillögu til lagabreytingar fyrir næsta frjálsíþróttatæping eins og lög FRÍ gera ráð fyrir og yrði lagabreytingin borin undir atkvæði á Frjálsíþróttatæpingi árið 2012.

Þskj. 28 - Ályktun um að Ísland sækir um að halda Norðurlandameistaramót í víðavangshlaupum árið 2011

Frjálsíþróttatæping, haldið 26. – 27. febrúar 2010 í Hafnarfirði, samþykkir að fela stjórn FRÍ að sækja um framkvæmd á Norðurlandameistaramótinu í Víðavangshlaupum árið 2011.